
GULLIÐ AUGNABLIK

Nú þegar hundrað ár eru liðin frá fæðingu Gunnlaugs, sem lést árið 1962, erum við óháð köldum pólitískum stríðum sem teygðu eiturtungur sínar út í alla kima samfélagsins; óháð kreppum sem skipuðu listamönnum í hatrammar andstæðar fylkingar (þeir sem seldu verk sín vel, kölluðu yfir sig óvild hinna); óháð stefnum í listsköpun eftirstríðsáranna og getum skoðað verk Gunnlaugs án þess að álasa honum fyrir að mála ekki abstrakt myndir. Hann þarf ekki að vera í tísku. Við getum notið þess að skoða verk þessa afburða málara, sem er engum líkur hvað myndefni snertir — og þó ekki í uppreisn gegn neinu.



Gunnlaugur Blöndal.

Það sem fyrst og fremst gerði Gunnlaug ólíkan öðrum íslenskum málurum síns tíma eru módelmyndir hans; myndir af konum. Eiginkona Gunnlaugs, Elísabet Blöndal, segir um módelmyndir hans: „Túlkun hans á konum var einstök. Það er ekkert óhreint við þær, heldur eru konumyndir hans mjög fágaðar; stilltar til að byrja með, en með árunum harðari og í þeim meiri expressjón. Hann var mjög flinkur málari og kom öllu til skila. Hann málaði senjórítur og síldarstúlkur, íslenskar konur og erlendar, naktar og klæddar, ungar og fullorðnar, „og hann nálgast þær alltaf á sama hátt," segir Elísabet, „heildin skipti hann máli og í módelmyndunum var hann alltaf að tjá hugmyndir sínar um konur".

Og víst er að nakin kona verður aldrei „ber stelpa" hjá Gunnlaugi. Ávalar línur og mjúk áferð konunnar sem þvær líkama sinn, greiðir hár sitt eða sefur gera hana ómótstæðilega; fegurðin og erótíkin felst ekki síst í því að stúlkurnar á myndunum virðast ómeðvitaðar um það gullna augnablik sem málarinn festir mynd þeirra á strigann; varirnar munúðarfullar, eins og vettvangur dagsins sé ekki þeirra staður, augun hvarflandi um leiksviðið; síldarstúlkan þreytt, spænsk stúlka íhugul, stúlka frá Andalúsíu full eftirvæntingar, kona með hanska bíður, ung stúlka með reiðiglampa og rauður kjóllinn ber voldugum tilfinningum vitni; allar samt kyrrar og staðfastar. Danski rithöfundurinn Chr. Rimestad skrifaði í bók um Gunnlaug Blöndal; „Þessar myndir eru málaðar með sakleysi hjartans. Þetta sakleysi finnur maður alltaf í verkum Blöndals." Og víst er að þessu sakleysi heldur Gunnlaugur í módelmyndum sínum alla tíð; konan verður alla tíð tákn fegurðar, mýktar og hlýju, rétt eins og hann segi: Það sem þér viljið ekki að aðrir menn geri móður yðar, skuluð þér ekki gera öðrum konum.

Þótt Gunnlaugur hafi ekki verið þjóðlegur í þeim skilningi sem málarar á hans tímum voru, málaði hann mikið af landslagsmyndum; landslagið er íslenskt, andblærinn persónulegt safn af áhrifum listhræringa í Evrópu, Vinur Gunnlaugs, Eggert Stefánsson, skrifaði um hann: „Í verkum sínum er hann raunhæfur túlkari hinnar íslenzku fegurðar — til fullnustu. Með því er ekki lítið sagt, ef við höfum í huga hina ofsafullu fegurð og þann himneska blæ, sem leggst yfir landið, er við sjáum það við sólsetur — sameinast himninum. Öllu þessu nær Gunnlaugur með næmni, já, viðkvæmni, í hinni innilegu túlkun mótíva sinna, sem aldrei bregst og sanna manni vel, að hann hefir líka skáldanna hugarfar."

„Gunnlaugur var vinsæll málari," segir Kristján Karlsson. „Hann fékk mjög góða dóma, bæði hérlendis og erlendis. Á árunum 1930 til 1940 dvaldi hann í Danmörku og stundum í París en er heima á íslandi á sumrin. En hann málaði aldrei dönsk mótív. Þegar hann var heima dvaldi hann mikið á Siglufirði og sótti sér mótív þangað; fjöll og sjór og bátar og fólk að störfum á síldarplönunum voru honum hugleikin. Í bátunum hafði hann föst form, en það er einmitt í þessum myndum af landslagi og bátum sem maður sér þessa sömu innlifunartilfinningu sem hann hefur fyrir mótívum — sem verður til þess að verk Gunnlaugs hafa ákaflega lýríska áferð; sérstaklega eru þau sterk í þeim myndum sem eru með pasteláferðinni. Hann fer oft með olíulitina eins og þeir væru pastellitir — sem er ekki á allra færi."



Þótt myndefnið sé sótt í þjóðlegan arf og starfshætti, íslenskt landslag og umhverfi, er Gunnlaugur ekki að mála sögulegar myndir. Slíkt var þó títt á kreppuárunum, því þá tóku menn að hugsa á þjóðfélagslegan hátt; listin hætti að vera sjálfstæð og sprottin af sköpunarþrá — heldur varð hún að viðbrögðum; sótti efnivið sinn utan við skapandi mátt listamannsins; í henni fólst ádeila og litrófið einkenndist af prédikun þess sem heldur sig vita betur. Þá leið fór Gunnlaugur aldrei. Þó „rómantíseraði" hann ekki aðstæður; hann lét augnablikin lifa, hvort sem mönnum líkaði þau augnablik (eða mótív) betur eða verr. Þau féllu vel að óskeikulli litaskynjun hans og þegar þetta tvennt fer saman, verður til listaverk.

Gunnlaugur segir sögur í myndum sínum, þótt vissulega séu þær ekki sagnfræði. Eins og Kristján Karlsson segir þá var hann skemmtilegur sögumaður, en gat virkað hrokafullur vegna þess hve hann var fálátur: „Það jók ekki á vinsældir hans meðal félaganna að hann sagði þeim álit sitt umbúðalaust," segir Kristján. „Hann var líka óskaplega mikill húmoristi — eins og margir sem ekki bera það með sér á yfirborðinu. Hann hafði mjög gott vit á skáldskap og tónlist, fljótur að sjá hvort eitthvert vit var í skáldskap og lýsti þá skoðun sinni í örfáum orðum. Framan af var hann mjög feiminn og sagði mér einu sinni hvernig honum leið fyrst eftir að hann kom til Reykjavíkur til að læra hjá Stefáni Eiríkssyni, myndskera: *Þegar ég kom fyrst til Reykjavíkur, var ég svo feiminn að ég þorði ekki að tala við nokkurn mann og gekk bara í fjörunni. Einu sinni hitt ég gamlan vin föður míns og við gengum eftir Austurstræti. Við mætum Einari Benediktssyni og ég er kynntur fyrir honum. Þá segir Einar: „Það ætla ég að vona að þér séuð ekki sonur þessa asna sem var með mér í skóla." A jú, jú, sagði ég. Þá heilsaði Einar mér afskaplega glaðlega og sagði: „Ja, afskaplega fannst mér alltaf vænt um þann mann."* Upp úr þessu varð góð vinátta milli Gunnlaugs og Einars Benediktssonar og málaði Gunnlaugur mörg „portrett" af Einari." Sum þeirra eru talin meðal bestu „portrettmynda" Gunnlaugs, sem málaði marga listamenn og menn sem voru áberandi í þjóðfélaginu á hans tímum.

Gunnlaugur reyndi hvorki að fegra né lýta samferðamenn sína á striganum. Það var eins og hann horfði inn í hjarta þeirra og sækti þangað litina sem tilheyrðu hverjum og einum. Hann nálgaðist þá rétt eins og hann nálgaðist viðfangsefnin úti í náttúrunni; milt og grænandi vorið, bjart og gjöfult sumarið og gullið, frjósamt haustið.

Texti/Súsanna Svavarsdóttir.

NÝTT LEIKRIT STEINU

AND SEM UN

EITT frægasta ástarljóð á íslensku fjallar um hughrif skólapilts á fyrri hluta síðustu aldar, æskuást sem ekkert varð úr en aldrei dó. Ferðalok Jónasar Hallgrímssonar hafa hrifið lesendur í hálfa aðra öld og vakið til umhugsunar um ástarharm skáldsins. Sagan bak við kvæðið er ekki aðeins saga Jónasar, hún er einnig saga Þóru og ef til vill saga þeirra sem þau hrifust af um stundarsakir eða bundust. Sagan er um draummynd af ástinni og veruleika sem er allt öðru vísi, lífsseiga æskuást og vandann sem fylgir því að elska fleiri en einn. Þessi saga hefur orðið Steinunni Jóhannesdóttur yrkisefni í nýju leikriti, Ferðalokum, sem frumsýnt verður á smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikritið er líka komið út á bók.



Steinunn Jóhannes

Það gerist á tvennum tímum, undir miðbik síðustu aldar og í nútímanum. „Ég vildi stefna saman þessu fólki," segir Steinunn, „láta þau Jónas og Þóru tefla til enda. Leikritið er algerlega mín hugarsmíð þó að það vísi í atburði sem áttu sér stað í raun. Ég velti fyrir mér sögu fimm persóna frá liðinni öld sem örlögin tengdu tilfinningaböndum þótt engar heimildir séu um að þær hafi nokkurn tíma allar hist. Í leikritinu læt ég þær hins vegar mætast, á okkar dögum, og athuga hverjar afleiðingar það hefur."

Nú er tímabært að líta um öxl til atvika sem Steinunn hefur að umgjörð verksins. Allt aftur til 1828 þegar séra Gunnar Gunnarsson var vígður prestur að Laufási. Hann fór þangað ásamt Þóru laundóttur sinni þá um sumarið og í fylgd með þeim var Jónas Hallgrímsson stúdent frá Bessastaðaskóla. Þóra var aðeins unglingur þegar þetta var en sögur herma að

KAMMERMÚSÍKKLÚBBURINN

Sinnhoffer-kvartettinn á fyrstu tveimur tónleikum vetrarins

FYRSTU tónleikar kammermúsíkklúbbsins á þessu hausti verða í Bústaðakirkju mánudaginn 20. september kl. 20.30. Hefst með þeim 37. starfsár Kammermúsíkklúbbsins. Á þessum fyrstu tónleikum verður Fúgulistin — „Die kunst der Fuge" — eftir Johann Sebastian Bach flutt af Sinnhoffer-kvartettinum frá München ásamt Orthulf Prunner orgelleikara. Fúgulistin var áður flutt á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins 1. maí 1985 af Sinnhoffer-kvartettinum, er minnst var 300 ára afmælis J.S. Bachs og er því nú kærkomið tækifæri til að endurnýja kynnin við þetta meistaraverk Bachs. Í efnisskrá fyrir tónleikana segir svo um Fúgulistina:

Die Kunst der Fuge — fúgulistin — er síðasta stórverkið, sem Bach samdi. Hann var þá á sjötugsaldri, í listum var upp komin ný stefna, og ströng form barokktímabilsins voru ekki metin sem fyrr. Bach ákvað að sýna í einu tónverki það fullkomnasta, sem gáfa hans og lærdómur megnuðu á sviði hins strangasta tónlistarforms, fúgunnar, eftirkomendum til umhugsunar.

Fúgulistin er safn af tilbrigðum, sem öll eru í fúgu- eða kanónformi. Bach nefndi þau kontrapunkta. Tónverkið er allt reist á einu grunnstefi, sem hljómar í upphafi og lætur ekki mikið yfir sér, en býr yfir furðulegum þróunarmöguleikum í höndum Bachs. Fyrsta fúgan lætur kunnuglega í eyrum. En leikurinn æsist, þegar hver fúgan tekur við af annarri. Grunnstefinu er snúið „á hvolf", og skyldleikinn leynir sér ekki í hinni nýju fúgu. Með auknum breytingum á grunnstefinu kemur nýtt efni í tvístefja og þrístefja fúgur.

Loks er komið að kórónu verksins, fjórstefjaðri fúgu, hinni mestu þeirra allra. Þá gripu örlögin í taumana. Meðan Bach vann að Fúgulistinni dapraðist sjón hans ört. Honum auðnaðist að semja fyrri hluta lokafúgunnar og hafði náð það langt, að þrjú af stefjunum voru komin í framvindu hennar. Í þriðja stefið hafði hann bundið nafnið sitt í nótunum b-a-c-h. En nú var sjón hans á þrotum og hann komst ekki lengra, fjórða stefið vantar. Það mun hafa átt að vera frumstefið sjálft, sem verkið hefst á. Tónverkið hættir snögglega, líkt og lífsneisti hafi slokknað. Síðustu stundirnar, sem vitund hans entist, samdi hann sálmalag, sem tengdasonur hans skrifaði eftir forsögn hans, „Fyrir hásæti þitt geng ég nú, Drottinn minn."

Ekki er vitað, hvernig Bach hugsaði sér, að Fúgulistin skyldi flutt. Í handriti hans eru hljófæri ekki tilgreind. Hefur þar margt verið prófað og menn eigi orðið á eitt sáttir. Fjórir af kontrapunktunum eru í kanónformi (keðjulög). Með þeim má skipta tónverkinu í fimm höfuðþætti, eftir því hvernig fúgurnar eru byggðar. Í þeim flutningi, sem hér gefur að heyra, eru fúgurnar leiknar af strengjakvartett en kanónarnir á orgel. Að lokum leikur kvartettinn sálmalagið fyrrnefnda, síðasta tónverkið, sem Bach samdi.



Sinnhoffer-kvartettinn

Sinnhoffer-kvartettinn á um þessar mundir 30 ára starfsafmæli og er þetta áttunda skiptið, sem hann sækir Kammermúsíkklúbbinn heim. Kom hann fyrst til Íslands 1977 á 150. ártíð Beethovens til að taka þátt í heildarflutningi á strengjakvartettum hans, er þá fór fram. Eru þeir áheyrendum sínum ávallt miklir aufúsugestir.

Sinnhoffer-kvartettinn spilar einnig á öðrum tónleikum Kammermúsíkklúbbsins, sem verða laugardaginn 25. september í Bústaðakirkju. Á